



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 30. nóvember 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 54. fundar þriðjudaginn 30. nóvember 2004 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 18. nóvember 2004.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 25. nóvember 2004.
3. Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2005, fyrirtæki og stofnanir – fyrri umræða.
4. Tillögur sameiningarnefndar sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

Forseti óskaði eftir því að upp verði tekinn liðurinn önnur mál. Fundarmenn samþ. það.

1. Fundargerð 103. fundar bæjarráðs frá 18. nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin borin upp og samþ. með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 104. fundar bæjarráðs frá 25. nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 5 liðum. Að loknum umræðum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþ. með 7 atkv. samhljóða.
3. Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2005, fyrirtæki og stofnanir – fyrri umræða. Til fundarins mættu, Þorsteinn Þorsteinsson endurskoðandi og Ólöf Pálmadóttir fjármálastjóri. Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri fór yfir fjárhagsáætlunina og skýrði nokkra liði hennar. Þorsteinn endurskoðandi fór líka yfir áætlunina og ræddi ýmsa liði hennar. Umræður urðu um áætlunina og fyrirspurnir til endurskoðanda, sem hann svaraði jafnóðum. Að umræðum loknum var fjárhagsáætluninni vísað til annarrar og síðari umræðu, er fram fari þann 14. desember n.k. Viku nú Ólöf og Þorsteinn af fundi.
4. Tillögur sameiningarnefndar sveitarfélaga. Svohljóðandi bókun var gerð.
“Vegna framkominnar tillagna sameiningarnefndar sveitarfélaga samþykkti bæjarstjórn Blönduóssbæjar að óska eftir viðræðum við sveitarstjórnir Áshrepps, Höfðahrepps og Skagabyggðar”
Fundurinn samþ. bókunina samhljóða með 7 atkvæðum.

Önnur mál.

Tilkynning frá H-lista.

Menningar- og safnanefnd Blönduóssbæjar.

Sigríður Helga Sigurðardóttir verður aðalmaður og Jóhanna G. Jónasdóttir til vara.

Tilkynning frá D-lista.

Húsnæðisnefnd Blönduóssbæjar.

Margrét Einarsdóttir verður aðalmaður í stað Auðuns Sigurðssonar.

Í stjórn Brunavarna A-Hún.

Ágúst Þór Bragason kemur í stað Andrésar Leifssonar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Sigurður Jóhannesson

Fundi slitið kl. 19:20.

Ragnar Ingi Tómasson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Hjálmarsdóttir
Hjördís Blöndal